



Borgarráð

Endurnýjun samstarfssamnings Reykjavíkurborgar og HÍ um jafnréttisrannsóknir

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að endurnýjuðum samstarfssamningi við Háskóla Íslands um jafnréttisrannsóknir við Háskóla Íslands (RIKK) til tveggja ára, þ.e. frá 1. des. 2021 til 1. des. 2023 með vísan í hjálagða umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Kostnaður skv. samningnum er 4.000.000 kr. fyrir hvert ár sem færist af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands hafa átt með sér samstarf allt frá árinu 2000. Markmið samstarfsins er að stuðla að auknum jafnréttisrannsóknum og miðlun fræðilegrar þekkingar með áframhaldandi rannsóknum og fræðslu á sviði kvenna- og kynjafræða.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samningur Reykjavíkurborgar og HÍ um jafnréttisrannsóknir, drög.

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 27.1.2022.

Greinargerð um starfsemi RIKK – Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum, dags. 29.11.2021.

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg gera með sér eftirfarandi samning um samstarf um jafnréttisrannsóknir við Háskóla Íslands:

Inntak

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til samstarfs um jafnréttisrannsóknir samkvæmt samningi þessum. Reykjavíkurborg greiðir árlega framlag til Háskóla Íslands sem rennur til samstarfsverkefna á sviði jafnréttismála.

Markmið

1. Markmið samstarfsins er að stuðla að auknum jafnréttisrannsóknum og miðlun fræðilegrar þekkingar með áframhaldandi rannsóknum og fræðslu á sviði kvenna- og kynjafræða. Markmiðinu skal ná með rannsóknum, með umsóknum og þátttöku í innlendum, norrænum og evrópskum rannsóknaráætlunum, með því að hvetja til jafnréttisrannsókna meðal vísindamanna og framhaldsnema við Háskóla Íslands og innan íslensks fræðasamfélags og með því að efna til margs konar funda og fræðslu á sviði jafnréttis.

Framlög samstarfsaðila

2. Árleg framlög Reykjavíkurborgar til verkefna samkvæmt samningi þessum verða kr. 4.000.000.-, fjóramilljónir. Háskóli Íslands skuldbindur sig til að greiða mótframlög vegna samnings þessa sem nemur hálfum launum forstöðumanns Rannsóknarstofu í jafnréttisfræðum (RIKK) sem sinnir þessu samstarfi af hálfu Háskóla Íslands.

Verkefni fyrir Reykjavíkurborg

3. Verkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg eru ákvörðuð af samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands samkvæmt lið 4. Verkefnin skal ákvarða á reglulegum samráðsfundum sem haldnir verða a.m.k. á þriggja mánaða fresti.

Framkvæmd samnings og samstarfsnefnd samningsaðila

3. Fyrir hönd Háskóla Íslands er Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (RIKK) ábyrg fyrir framkvæmd samningsins, en mannréttindaskrifstofa fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Háskóli Íslands og borgarráð Reykjavíkur skipa tvo fulltrúa hver í samstarfsnefnd. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar og forstöðumaður RIKK undirbúa og boða fundi samstarfsnefndarinnar. Bæði mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar og forstöðumaðurinn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar en ekki atkvæðisrétt. Samstarfsnefndin mun m.a. fjalla um samstarfsverkefni skv. lið 3 og leiðir til að stuðla að frekara samstarfi Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar á þessu sviði.

Gildistími samningsins og fyrirvari

4. Samningur þessi gildir frá 1. desember 2021 til 1. desember árið 2023, en fellur þá úr gildi án uppsagnar, nema hann hafi verið endurnýjaður áður.

5. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2022 og 2023.

Reykjavík, [DAGS.]

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Inngangur

Í tölvupósti dags. 30. nóvember 2021 óskar forstöðumaður RIKK - rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum eftir því að Reykjavíkurborg endurnýi samstarfssamning um jafnréttisrannsóknir sem var í gildi á milli RIKK og Reykjavíkurborgar.

Forsaga samstarfs RIKK fyrir hönd Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar

Allt frá árinu 2000 hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er lýtur að jafnréttisrannsóknum.

Síðasti samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar og Háskólans/RIKK gildi frá 1. desember árið 2019 til 1. desember 2021. Samkvæmt þeim samningi lagði Reykjavíkurborg til kr. 3.250.000 á ári en Háskóli Íslands skuldbatt sig til að greiða mótframlag sem nam hálfum launum forstöðumanns RIKK.

Síðasti samningur var gerður með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkur þau tvö ár sem hann náði til.

Markmið RIKK

Aðalmarkmið RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum er að efla og samhæfa jafnréttisrannsóknir og rannsóknir í kvenna, kynja- og jafnréttisfræðum jafnframt því að vinna að og kynna niðurstöður rannsókna.

Fyrirkomulag samstarfs

Til að fylgja eftir samningnum starfar samráðsnefnd Reykjavíkurborgar og RIKK og heldur hún reglubundið fundi. Til hennar berast óskir og ábendingar um verkefni.

Í samráðsnefndinni eiga sæti fyrir hönd borgarinnar Dóra Björt Guðjónsdóttir og Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir. Fyrir hönd Háskóla Íslands Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor og Irma Erlingsdóttir, prófessor.

Fyrir hönd borgarinnar er mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ábyrg fyrir samningnum.

Gagnsemi samnings

Reykjavíkurborg hefur í stað framlagsins getað óskað eftir því við RIKK að ákveðin verkefni sem tengjast jafnréttismálum séu unnin. RIKK vann á síðasta samningstíma úttekt á Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Í úttektinni voru skoðaðir styrkleikar og veikleikar verkefnisins og mögulegar leiðir til úrbóta.



Þegar hafa borist beiðnir til samstarfsnefndarinnar um verkefni ef að samningi verður. Óskað hefur verið eftir því að RIKK skoði heilsu og líðan hinsegin fólks. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun sem fylgir lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.

Einnig hefur stýrihópur samstarfsverkefnisins ***Saman gegn ofbeldi*** óskað eftir rýni á þjónustu við heimilislausar konur vegna heimilisofbeldis. Skoðað verði hvort verklagi í heimilisofbeldismálum sé fylgt, hvaða viðhorfum þær mæti og hvort bæta þurfi þjónustu við þennan hóp.

Mat Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar á framlengingu samningsins

Reykjavíkurborg hefur getað falið RIKK, með vísan í samninginn, að vinna fyrir sig ákveðin afmörkuð verkefni án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Athygli sviðsstjóra borgarinnar og formanna nefnda og ráða hefur verið vakin á þessum möguleika þegar samningur hefur verið endurnýjaður. Samstarfið hefur verið gjöfult á báða bóga. Reykjavíkurborg nýtist þekking háskólasamfélagsins í hlutverkum sínum sem þjónustuveitandi, miðstöð stjórnsýslu og atvinnurekandi og háskólasamfélagið öðlast þekkingu á praktískum hliðum þjónustu og hafa viðfangsefni sem þeim hefur verið falið oft undið upp á sig og leitt til rannsókna sem aftur nýtast borginni.

Tilvera RIKK í samfélaginu er einnig mikilvæg og hefur stofnunin t.d. tekið öflugan þátt í að efla umræðu og rannsóknir er tengjast #MeToo-hreyfingunni, m.a. með ráðstefnum og útgáfu. Efling jafnréttisumræðu í víðum skilningi kemur öllu samfélaginu til góða og samvinna borgarinnar og háskólans á því sviði gagnast borginni þar sem hægt er að byggja og þróa þjónustu hennar byggt á úttektum hlutlauss aðila og rannsóknum.

Það er mat mannréttindaskrifstofu að framlengja eigi samninginn.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni RIKK hefur rektor Háskóla Íslands samþykkt fyrir hönd háskólans að framlengja samstarfið.

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri

Reykjavík, 29. nóvember 2021

Greinargerð um starfsemi RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum

- 1. Um RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum**
- 2. Saga RIKK**
- 3. Samstarf við Reykjavíkurborg**
- 4. Starfsmannamál**
- 5. Yfirlit yfir helstu verkefni stofnunarinnar frá ársbyrjun 2019**
- 6. Verkefnin framundan**
- 7. Stjórn**

1. RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum. Vettvangur þverfaglegra jafnréttisrannsókna við Háskóla Íslands

RIKK er þverfagleg rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands – sem fléttar saman hefðbundnar rannsóknir í kvenna- og kynjafræðum og rannsóknir á jafnrétti í víðari skilningi með áherslu á jafnræði, mismun og samtvinnun. Fréttir og annað ítarefni um stofnunina er aðgegnilegt á heimasíðu hennar: rikk.hi.is

RIKK hefur starfað síðan 1991 og er leiðandi afl í jafnréttisrannsóknum á Íslandi. Aðalmarkmið stofnunarinnar er að efla og samhæfa rannsóknir á sviði kynja-, jafnréttis- og margbreytileikafræða. Í daglegu starfi miðlar RIKK þekkingu um rannsóknir á fræðasviðinu, styður fræðimenn við rannsóknir sínar og skipuleggur og býr til grundvöll fyrir rannsóknastarf. Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegum, evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. RIKK miðlar niðurstöðum eigin rannsókna sem og annarra, m.a. með bókaútgáfu, og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum rabbfundum og fyrirlestrum. Stofnunin hefur jafnframt skipulagt og staðið fyrir fjölda alþjóðlegra ráðstefna. Síðustu ár hefur upptökum af viðburðum RIKK verið miðlað í gegnum Youtube, Facebook og heimasíðu stofnunarinnar. Finna má lista af upptökum á Youtube-rás Hugvísindasviðs.

RIKK hefur frá upphafi verið öflug miðstöð nýsköpunar. Stofnunin hafði á sínum tíma forgöngu um að námsbraut í kynjafræðum var komið á laggirnar og hvatti til stofnunar jafnréttisnefndar Háskólans. Þá átti hún mikinn þátt í þróun og uppbyggingu Alþjóðlegs jafnréttisskóla við Háskóla Íslands (GEST) og EDDU – rannsóknaseturs sem eru framsækin verkefni á sviði jafnréttismála. EDDA og GEST starfa sem sjálfstæðar einingar, með aðskilið regluverk og stjórnir, en í nánú samstarfi við RIKK. EDDA er þverfaglegt rannsóknasetur í gagnrýnum samtímarannsóknum, með sérstaka áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Setrið hóf starfsemi sína árið 2009. Rannsóknir setursins eru m.a. á sviði stjórnmála, þverþjóðlegra fræða, samfélags, menningar- og öryggismála, sjálfbærni og þróunar. Sjá nánari upplýsingar á [heimasíðu EDDU](#). Jafnréttisskólinn (GEST) tók til starfa í janúar 2009. Í byrjun janúar 2020 fluttist Jafnréttisskólinn undir GRÓ, nýja stofnun um þróunarsamvinnu sem er rekin undir merkjum UNESCO. Sjá nánari upplýsingar á [heimasíðu GEST](#). Stofnanirnar tvær og skólinn styðja hvert við annað til að ná sameiginlegu markmiði sem er að efla jafnréttisrannsóknir og jafnréttisnám.

2. Saga RIKK

Stofnunin á rætur að rekja til 8. áratugarins þegar fræðikonur víða um heim hófu markvissar rannsóknir í kvennafræðum. Íslenskar fræðikonur tóku þátt í því starfi og þegar upp úr 1980 var farið að bjóða upp á námskeið í kvennabókmenntum og kvennasögu við Háskóla Íslands. Sumarið 1985 var fyrsta ráðstefnan um íslenskar kvennarannsóknir haldin og hafa þær síðan verið haldnar að jafnaði á fimm ára fresti. Að fyrstu ráðstefnunni stóð hópur kvenna sem hafði um árabíl sinnt rannsóknum á þessu sviði. Í kjölfar hennar var stofnaður Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir en í honum voru konur innan og utan háskólasamfélagsins. Áhugahópurinn stóð fyrir reglulegum fyrirlestrum um kvennarannsóknir, beitti sér fyrir stofnun rannsóknastofu á fræðasviðinu og að komið yrði á fót skipulegu námi í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Það starf skilaði þeim árangri að Rannsóknastofu í kvennafræðum var komið á fót árið 1991. Nám í kvennafræðum (nú kynjafræðum) við Háskóla Íslands hófst síðan árið 1996. Árið 2000 var nafni stofnunarinnar breytt úr Rannsóknastofa í kvennafræðum í Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum og gekk jafnframt undir skammstöfuninni RIKK sem varð svo hluti af nafni stofnunarinnar í ársbyrjun 2014 þegar því var breytt í RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum.

3. Samstarf við Reykjavíkurborg

Í júní árið 2000 urðu þáttaskil í starfi RIKK þegar þau Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, undirrituðu samstarfssamning Háskólans og Reykjavíkurborgar. Markmið hans var að efla rannsóknir á sviði kvenna- og kynjafræða innan Háskólans. Samningurinn gerði stofnuninni kleift að ráða forstöðumann í fullt starf, en Reykjavíkurborg skuldbatt sig til að greiða helming kostnaðar við stöðuna til þriggja ára á móti Háskólanum. Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands var síðan

endurnýjaður til fjögurra ára 3. október 2003. Í nóvember 2007 undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, samning um áframhaldandi samstarf til fjögurra ára. Samningurinn var framlengdur og undirritaður af Jóni Gnarr, borgarstjóra, í nóvember árið 2011. Samningurinn var framlengdur á ný vorið 2014, aftur í byrjun árs 2017 og síðast í nóvember 2019 og í þau skipti undirritaður af Degi B. Eggertssyni. Sú starfsemi sem fer fram á vegum RIKK og í beinum tengslum við stofnunina ber því glöggvitni að þessi samningur hefur haft mikil áhrif og stutt við nýsköpun bæði hvað varðar uppbyggingu náms og rannsókna við Háskóla Íslands.

Samráðsnefnd RIKK og Reykjavíkurborgar heldur reglulega samráðsfundi. Fundirnir eru verkefnaðir og snúist um samstarf af ýmsu tagi. Í núverandi samráðsnefnd sitja fyrir hönd Háskóla Íslands: Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í Mála- og menningardeild og formaður stjórnar RIKK, og Irma Erlingsdóttir, prófessor og forstöðumaður RIKK. Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri, Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, og Dóra Björt Guðjónsdóttir eru fulltrúar Reykjavíkurborgar í samráðsnefndinni.

4. Starfsmannamál

Irma Erlingsdóttir hefur verið forstöðumaður RIKK frá árinu 2000. Fyrst í fullu starfi en eðli starfs hennar breyttist þegar hún varð akademískur starfsmaður við HÍ árið 2009 og þegar verkefni EDDA og GEST voru stofnsett sem sjálfstæðar einingar sem reknar eru í nánu samstarfi við RIKK. Irma veitir þessum þremur verkefnum forstöðu og ber RIKK aðeins kostnað við hluta af hennar starfi. Hildur Fjóra Antonsdóttir var verkefnisstjóri RIKK í hálfu starfi frá árinu 2010 þar til 1. september 2014 en þá hóf hún doktorsnám við Lundarháskóla í Svíþjóð. Vorið 2014 var auglýst 50% staða verkefnisstjóra RIKK og var Kristín I. Pálsdóttir ráðin í starfið. Kristín fór í leyfi haustið 2019 og sagði í framhaldinu upp starfi sínu og Elín Björk Jóhannsdóttir hefur gengt stöðu verkefnisstjóra RIKK frá júní 2019.

5. Yfirlit yfir helstu verkefni stofnunarinnar frá ársbyrjun 2019

a) Fyrirlestradagskrá RIKK

Vordagskrá RIKK hefur verið haldin í samstarfi við GEST frá árinu 2016. Vorið 2019 var fyrirlestraröðin tileinkuð sambandi kyns, áfalla og heilsufars. Á haustmisseri 2019 var sjónum beint að öldrun og hugað sérstaklega að kyni og kyngervi. Vorið 2020 var dagskráin helguð kyni og loftslagsbreytingum en heimsfaraldur COVID setti strik í reikninginn og fresta og aflýsa varð 5 af skipulögðum fyrirlestrum. Haustið sama ár var þó þráðurinn tekinn upp aftur og rafræn fyrirlestraröð um femíníska sýn á loftslagsvandann þar sem þeir fyrirlestrar sem hafði verið frestað urðu að veruleika. Fyrirlestrarnir voru teknir upp í myndveru kennsluviðs. Haustið 2020 var fyrirlestraröðin haldin undir yfirskriftinni *Í kjölfar #MeToo* og fór fram rafrænt. Tveir sérfræðingar voru leiddir saman í

samtal um ákveðið efni í hverjum viðburði í gegnum fjarfundarforritið Zoom. Þátttakendur áttu flestir greinar í bókunum tveimur um #MeToo sem RIKK stóð að útgáfu á. Haustið 2021 freistum við þess að færa dagskrána aftur í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins og fögnum 30 ára afmæli RIKK með nýlegum röddum á sviði jafnréttisrannsókna. Árið 2022 verða fyrirlestraraðirnar svo helgaðar hinsegin fræðum og rannsóknum undir yfirskriftinni *Hinsegin Ísland í alþjóðlegu samhengi*.

b) Nýleg málþing og málstofur á vegum RIKK

i. Fræðafjör til heiðurs Helgu Kress

Helga Kress, prófessor emerita í almennri bókmenntafræði, fagnaði 80 ára afmæli haustið 2019 og af því tilefni fór fram málþingið henni til heiðurs þann 30. nóvember, skipulagt af RIKK – rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, Árnastofnun og Bókmenntafræðistofnun.

ii. Málstofa um ungt fólk og vændi

5. febrúar 2020 var haldin málstofa til að kynna nýja norræna skýrslu um ungt fólk og vændi: *Young People, Vulnerabilities and Prostitution/Sex for Compensation in the Nordic Countries: A Study of Knowledge, Social Initiatives and Legal Measures*. Charlotta Holmström, aðalrannsakandi skýrslunnar og dósent við háskólann í Malmö, og Hildur Fjóla Antonsdóttir, rannsakandi hjá RIKK og doktorsnemi, kynntu efni skýrslunnar en Hildur Fjóla er höfundur kaflans um Ísland.

iii. Rafræn málstofa í tilefni af útkomu bókarinnar *The Routledge Handbook on the Politics of the #MeToo Movement*

Fimmtudaginn 3. desember 2020 var efnt til rafrænnar málstofu í tilefni af útkomu bókarinnar *The Routledge Handbook on the Politics of the #MeToo Movement* í ritstjórn Giti Chandra og Irmu Erlingsdóttur. Á málstofunni fjölluðu sex kaflahöfundar auk ritstjóra um efni bókarinnar, rýndu í styrk- og veikleika hreyfingarinnar í þverþjóðlegu samhengi og settu fram hugmyndir um hvernig viðhalda megí slagkrafti hennar. Frummælendur voru Angela Davis, Purna Sen, Marai Larassi, Freyja Haraldsdóttir, Jeff Hearn, Magdalena Grabowska og Cynthia Enloe.

c) Ráðstefnur

i. Drögum (kynja)tjöldin frá. Ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð

Ráðstefnan Drögum (kynja)tjöldin frá var haldin 28. febrúar – 1. mars 2019 en hún er önnur ráðstefnan í röð ráðstefna RIKK, Reykjavíkurborgar, Rótarinnar og annarra samstarfsfélaga, um fíkn og kyn.

ii. Alþjóðleg ráðstefna norræna samstarfsnetsins NORA í kynja- og jafnréttisfræðum

22. – 24. maí 2019 hélt RIKK alþjóðlega ráðstefnu norræna samstarfsnetsins NORA í kynja- og jafnréttisfræðum. Á ráðstefnunni var fjallað um landamæri og jafnréttismál á tímum vaxandi þjóðernishyggju, afnýlendustefnu, femínískt andóf, popúlisma, hinsegin fræði, frumbyggjafræði og fólksflutninga. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við GEST og EDDU.

iii. Alþjóðleg ráðstefna *#MeToo – Moving Forward*

17. – 19. september 2019 var haldin alþjóðleg þriggja daga ráðstefna helguð *#MeToo*-hreyfingunni. Ráðstefnan var liður í formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og var skipulögð í samvinnu við RIKK. Á ráðstefnunni fluttu um 90 fyrirlesarar frá ýmsum löndum erindi og hana sóttu um 600 manns.

iv. Ráðstefna *The Reykjavík Dialogue*

The Reykjavík Dialogue er viðburður helgaður baráttunni gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi sem fer fram bæði rafrænt og í Hörpu dagana 16. – 18. ágúst 2021. Hér er annars vegar um að ræða alþjóðlega ráðstefnu og hins vegar heimsfund aðgerðasinna og kvennasamtaka. Ráðstefnan er skipulögð í samstarfi RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum og forsætisráðuneytisins.

d) Bókaútgáfa

i. *The Routledge Handbook of the Politics of the #MeToo Movement*

The Routledge Handbook of the Politics of the #MeToo Movement er í ritstjórn Irmu Erlingsdóttur, forstöðumanns RIKK, og Giti Chandra, rannsakanda hjá Jafnréttisskólanum (GEST) og gefin út af Routledge-bókaforlaginu. Bókin hefur að geyma 31 kafla eftir 38 höfunda. Í hópi þeirra eru heimspekkir kenningasmiðir en einnig ungir aðgerðasinnar og fræðimenn víðs vegar að úr heiminum.

ii. **Fléttur V: #MeToo**

Fimmta hefti ritraðar RIKK er tileinkað #MeToo og baráttu kvenna gegn áreitni og ofbeldi. Í bókinni nálgast höfundar efnið frá fjölbreytilegu sjónarhorni. Ritstjórar bókarinnar eru Elín Björk Jóhannsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir.

e) **Önnur nýleg verkefni**

i. **Úttekt á starfi Bjarkarhlíðar**

RIKK vann úttekt á starfi Bjarkarhlíðar þar sem byggt var á aðferðafræði mótandi matsrannsóknna þar sem náin samvinna úttektarhóps við aðila verkefnisins er í forgrunni og áhersla á að matsvinnan nýtist verkefnaaðilum sem hafa rými til að laga vinnulag sitt að tillögum eftir því sem líður á verkefnatímann. Kristín A. Hjálmsdóttir, sjálfstætt starfandi kynjafræðingur, sá um framkvæmd úttektarinnar fyrir hönd RIKK og Elín Björk Jóhannsdóttir hafði yfirumsjón með úttektinni og kynnti hana fyrir framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar í júní 2020.

ii. **Einelti og áreitni í starfsumhverfi sviðslista**

Skýrslan *Einelti og áreitni í starfsumhverfi* komin út í október 2020. Skýrslan er unnin af RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum að frumkvæði Sviðslistasambands Íslands. Skýrslan sýnir að einelti og kynbundin og kynferðisleg áreitni eru rótgróin vandamál innan sviðslista. Kristín A. Hjálmsdóttir, sjálfstætt starfandi kynjafræðingur, er höfundur skýrslunnar og ritstjóri Elín Björk Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri RIKK. Skýrslan var kynnt rafrænt miðvikudaginn 28. október.

iii. **FASA og MARISSA verkefnin**

RIKK er samstarfsaðili í tveimur evrópskum verkefnum um tengsl áfengis- og vímuefnavanda og ofbeldis í nánum samböndum. Bæði verkefnin eru styrkt af Evrópusambandinu og Guðrún Sif Friðriksdóttir er rannsakandi í verkefnunum.

iv. **Reynsla kvenna af fíknimeðferð**

Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu kvenna af vímuefnameðferð hér á landi með tilliti til líðanar og öryggis í meðferð, árangurs meðferðarinnar og úrræða í boði. Undirmarkmið er að skoða sögu kvennanna með sérstöku tilliti til erfiðra upplifana í æsku og hvort að þær eigi sögu um ofbeldi í nánum samböndum.

v. Let's Talk

RIKK var einnig samstarfsaðili í Norrænu/rússnesku rannsóknarverkefni sem miðar að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og samvinnu um hvernig sé best að vinna með karlmönnum. Verkefnið hlaut styrk frá Norrænu ráðherranefndinni og fór fram rafrænt á árunum 2019-2021.

vi. ProGender

Evrópskt verkefni um kynbundin áhrif COVID-kreppunnar. Undirþemu verkefnisins eru fimm: Kyn, umönnun og vinna, kynbundið ofbeldi, konur og kyn í vísindunum, kyn og samfélög og svo konur í stjórnunarstöðum. Í verkefninu eru haldnir gestafyrirlestrar, málstofur, stutt námskeið og fyrirhuguð er lokaráðstefna verkefnisins í Grikklandi.

6. Verkefnin framundan

a) Fléttur VI

RIKK hlaut styrk úr Jafnréttissjóði til að gefa út ritrýnt greinasafn í ritröðinni Fléttur um kyn og loftslag sem byggir að hluta á hádegisfyrirlestraröðunum um sama efni.

b) Fyrirlestraröð um hinsegin fræði og mögulegar Fléttur um efnið

Einnig er fyrirhugað að tileinka hádegisfyrirlestraröð á vormisseri 2022 hinsegin fræðum og hinsegin baráttu og gefa út greinasafn ef styrkir fást til útgáfu.

c) Recognising Sexual Violence: Developing Pathways to Survivor-Centred Justice

Ráðstefnan Recognising Sexual Violence - eða Réttlæti handan refsiréttar - er í undirbúningsferli og stefnt er að því að halda hana næsta vor. Á ráðstefnunni verður fjallað um hvernig við tökum þolendamiðað réttlæti alvarlega en það krefst þess að við endurhugsum ólík réttlætiskerfi og þróum pólitískar, félagslegar og lagalegar leiðir að réttlæti í þeim tilgangi að mæta betur réttlætishagsmunum þolenda. Þá verður fjallað um hvernig hægt er að leiðrétta þann réttlætishalla sem þolendur kynferðisofbeldis búa við – þá bæði gagnvart ríkinu og þeim sem ofbeldinu beita. Einnig verður haldin norræn vinnustofa um efnið sem EDDA rannsóknasetur skipuleggur. Styrkir fengust frá NIKK og Jafnréttissjóði fyrir ráðstefnunni og ReNEW styrkir vinnustofuna.

d) Hinsegin flóttafólk í hinsegin paradís: Félagsleg inngilding og útskúfun

Hinsegin flóttafólk (e. SOGIE refugees) sem er á flótta frá heimalandi sínu eða er ríkisfangslaust vegna ofsókna á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar, er sérstaklega viðkvæmur hópur. Markmið þessa verkefnis er að byggja upp þekkingu á málefnum hópsins, sem lið í að bæta úr skorti á rannsóknum á málaflokknum. Vitneskjan getur nýst til stefnumótunar og þjónustu við hópinn á Íslandi; Landi sem hefur þá alþjóðlegu ímynd að vera hinsegin paradís. Verkefnið hlaut styrk úr Rannsóknasjóði.

e) Femos

RIKK tók þátt í Horizon umsókn sem var send inn 7. október 2021 í samstarfi við fjölda evrópskra háskóla. Verkefnið ber heitið Femos og er úttekt á þróun og stöðu femínískr a fræða og áhrifa þeirra á pólitíska stefnumótun.

f) Kynferðislegt ofbeldi og áreitni á vinnustöðum verkfræðinga

RIKK tekur jafnframt þátt í NIKK umsókn sem var send inn 5. október ásamt nokkrum norrænum háskólum. Hún snýr að kynferðislegu ofbeldi og áreitni á vinnustöðum verkfræðinga.

g) Sapphic Vibes ráðstefna

Í mars 2019 var haldin ráðstefna í Frakklandi um lesbíur í bókmenntum frá endurreisn til okkar tíma og áætlað er að halda framhaldsráðstefnu á Íslandi sem RIKK mun skipuleggja þar sem ástir kvenna verða skoðaðar út frá sagnfræði, bókmenntum, stjórnmálum og heimspeki.

7. Stjórn RIKK

Þann 30. desember 2020 var skipuð ný stjórn RIKK frá 1. janúar 2021 til þriggja ára. Í henni sitja: Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í Mála- og menningardeild, formaður; Annadís G. Rúdólfssdóttir, dósent við Deilt menntunar og margbreytileika, Jón Ólafsson, prófessor í Íslensku- og menningardeild og Mála- og menningardeild; Kolbeinn Stefánsson, lektor við Félagsráðgjafardeild, og Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í Félags og mannvísindadeild.